

# Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

3. nóvember 2021

Mættir: Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Inga Lóa Karvelsdóttir, Sunna Rós Svansdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Unnur Tedda Þorgrímsdóttir og með á fjarfundi voru: Sigurður Arnar Sölvason og Agnieszka Korpak.

Fundur fór fram í Skýjaborg.

Fundur settur kl 16:30.

Gjaldkeri upplýsti um fjárhagsstöðu foreldrafélagsins.

Farið var yfir erindi fráfarandi stjórnar foreldrafélagsins til fræðslunefndar. Núverandi stjórn tekur þessum breytingum fagnandi.

Rætt var um styrktarumsóknir, þurfum öll að fylgjast með og sækja um þegar opnað verður fyrir umsóknir.

Farið var yfir jóladagskrá:

- Hugmynd kom upp um gjafir til leik- og grunnskóla að tilefni jólanna. Ákveðið var að foreldrafélagið myndi gefa leikskólabörnum Skýjaborgar litabækur og Heiðarskóla bækur. Haft verður samband við skólastjóra skólanna og þær láttnar vita af þessu.
- Árlega heimsókn jólasveinanna var rætt og voru allir sammála um að nefna við vini okkar að við viljum hafa heimsókn þeirra með svipuðu sniði og í fyrra. Að þeir séu úti að leika og börnin inni að horfa. Rætt verður við leikskólastjóra um þetta fyrirkomulag fyrir komandi jólaball 16. desember hjá leikskólanum.
- Einnig verður haft samband við leikskólastjóra varðandi jólaleikrit fyrir börnin.
- Á fundi foreldrafélagsins þann 5. október síðastliðin kom hugmynd um jólaball. Ákveðið var að stefna að því þann 2. janúar, í þeirri von að ástandið í samfélaginu leyfi það. Haft verður samband við skólastjóra um að fá að halda það í Heiðarskóla.

Umræða var svo um hvað við getum gert eftir áramót. Rætt var um það að bjóða uppá fræðslufundi/forvarnarverkefni og að það yrði mögulega rafrænt. Hugmyndin var einnig rætt um bingó og að gera það jafnvel í samstarfi við Kvennfélagið Lilju sem stóð hér áður fyrir árlegu bingókvöldi. Formaður mun ræða þessa hugmynd við formann kvennfélagsins.

Ákveðið var að hittast næst í febrúar en vera í sambandi í gegnum facebook hópinn þangað til.

Fundi slitið kl 18:00

Fundargerð ritaði Sunna Rós Svansdóttir